

MEÐ ÖRÆFIN Í BAKGARÐINUM



24.-25. maí
2018

Ráðstefna um tengsl samfélags og hálendis á
Austurlandi



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Haldin á Hótel Héraði á Egilsstöðum.

INNGANGSORÐ

Það er ekki að ástæðulausu sem tilefni er til að efna til ráðstefnu um tengsl hálendis og samfélags á Austurlandi. Í aldanna rás hafa heiðar og öræfi komið við sögu byggðar Austurlands. Þar hafa legið leiðir milli dala og fjarða og yfir í aðra landsfjórðunga, þangað var sóttur fiskur í vötn, fjallagrös týnd, fugl og hreindýr veidd og sauðfé beitt. Hálendið tengdist þannig bæði samgönguleiðum og bjargræðisvegum Austurlands. Um tíma fór jafnvel svo að fólk hafði búsetu á háum heiðum á tíma heiðarbýlanna á 19. öld þegar svo var komið að í byggð var skortur á jarðnæði til að stofna til búskapar og fjölskyldu. Sumir freistuðu þá gæfunnar uppi á heiði og treystu á sauðkindina, guð og örlögin. Askja gaus og kaffærði land og gróður á stórum svæðum með gosefnum sínum svo að byggðin á heiðinni lagðist af og náði sér aldrei á strik eftir það þrátt fyrir örfáar tilraunir enda harðbýlt svo hátt yfir sjávarmáli. Öræfunum tengjast sögur um ómennskar verur og útilegumenn. Spor þeirra fyrrnefndu eru varðveitt í þjóðsögum og alþýðuminni en þeirra síðarnefndu í heimildum og mannvistarminjum sem vitna um hina hörðu vist á reginfjöllum. Þar hefur náttúru- og menningarsaga verið mótuð í landslagið. Á öræfunum er að finna náttúruminjar og fornminjar, sumar enn varðveittar í landslaginu en aðrar að eilífu glataðar af völdum manna eða náttúruafla. Öræfin norðan Vatnajökuls voru fram til ársins 2001 stærsta ósnortna víðerni Vestur-Evrópu. mannvirki voru þar engin fyrir utan nokkra gangnamannakofa, vörður á fornum leiðum, fjallaskála og jeppaslóðir. Tuttugasta öldin innibar nýjar hliðar á tengslum manns við öræfin norðan Vatnajökuls. Þau voru enn sem fyrr sauðfjárhagar og veiðilendur en ný hvöt vaknaði með manningum gagnvart víðernunum og tækifæri til að fylgja þeirri þrá eftir. Þau urðu vettvangur ævintýraferða, útiveru og náttúruskoðunar. En vatnsaflíð í stórum jökulánum dró líka að sér annars konar drauma og fyrirætlanir og víðernin norðan Vatnajökuls urðu í kjölfarið undir lok 20. aldar og á fyrsta áratug þessarar stærsta innbyrðis átakamál íslensku þjóðarinnar í deilunni um áform um virkjanir þar. – Það er þannig ljóst af framangreindu auk alls þess sem ekki er rúm til að nefna hér að tengsl samfélags og hálendis á Austurlandi hafa á sér svo margar hliðar fornar og nýjar að ógerlegt er að koma því efni öllu fyrir í einni ráðstefnudagskrá enda er ætlunin að þessi ráðstefna sem hér um ræðir verði fyrsti viðburðurinn í röð fleiri slíkra þar sem maður og náttúra á Austurlandi verður til umfjöllunar.

Vísindamenn á sviði hug-, félags- og náttúruvísinda flytja erindi á ráðstefnunni auk þess sem heimafólk leggur ýmislegt til um sögu byggðar og öræfa fyrr og nú. Kann ég öllum þeim sem veita dagskránni liðsinni með einum eða öðrum hætti hinar bestu þakkir og vona að allir sem ráðstefnuna sækja þessa tvo maídaga vorið 2018 muni hafa gagn og gaman af.

Unnur Birna Karlsdóttir, Egilsstöðum 2018.



Heiðagæsir á Jökuldalsheiði: Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson

Snæfell

Ráðstefnan er tileinkuð Snæfelli. Hæst fjalla utan jökla hér á landi gnæfir þetta snæviskrýdda fjall yfir hálendissléttuna og sést hvaðanæva að, af heiðum og öræfum norðan Vatnajökuls og einnig neðan frá Fljótshéraði þar sem það ber við himinn við sjónarrönd. Eins og forn stallapýramídi gerður af tröllahöndum sker það sig úr öllu öðru í landslaginu og minnir fólkið í byggðinni á að það býr í grennd við öræfi og voldug náttúruöfl elds og ísa.

**Þegar ég er dáinn mun sál mín setjast að á Snæfelli. Það er fjallið mitt. Austfirðingsins.
(Helgi Valtýsson, 1945)**

Snæfell lætur okkur ekki aðeins finna til smæðar og lotningar heldur líka löngunar til leggja á brattann og sigrast á hæð þess, komast alla leið upp og horfa af toppnum yfir víðáttuna, sjá heiminn frá sjónarhóli fjallsins. Þeir eru óteljandi sem hafa gengið á Snæfell. Sveinn Pálsson læknir gerði ásamt fylgdarmönnum sínum tvær tilraunir þegar hann fór um Austurland sumarið 1794 en varð vonsvikinn frá að hverfa í bæði skiptin vegna veðurs. Margir hafa síðan þá verið heppnari og komist á topp Snæfells sem segja má að sé í dag orðið eitt helsta tákn útivistar á öræfum Austurlands og því til staðfestingar stendur Snæfellskáli við rætur þess.



Hreindýr og Snæfell. Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson

Dagskrá

Fimmtudagur 24. maí

Hótel Hérað

9:15: Mæting og afhending ráðstefnugagna.

9:30-9:40: Setning: Björn Ingimarsson bæjarstjóri.

9:40-10:20: Unnur Birna Karlsdóttir: Hreppsveiðar og sportveiðar á hreindýrum 1954-1972.

10:20-11:00: Skarphéðinn G. Þórisson: Heiðagæsir og hreindýr á hásléttu Austurlands.

11:00-11:40: Guðrún Óskarsdóttir: Gróður á hásléttu Austurlands.

11:40-13:00: Hádegishlé.

13:00-13:40: Esther Ruth Guðmundsdóttir: Hvaða upplýsingar geymir Lögurinn um eldvirkni á Íslandi?

13:40-14:20: Elsa Guðný Björgvinsdóttir: „Allt dauðlegt hlítur að deyja“ - Upplifun fólks af öskufallinu 1875.

14:20-15:00: Snorri Baldursson: Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO.

15:00-15:20: Kaffihlé.

15:20-15:50: Baldur Pálsson: Lesnir valdir kaflar úr endurminningum heiðarbúa.

15:50-16:20: Hjördís Hilmarsdóttir í samstarfi við HS Tókatækni o.fl.: Heiðarbýlin - 100 ára byggðasaga. Einnig kynntur bæklingur um heiðarbýlin, vegvísar í heiðinni og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um heiðarbýlin og ábúendur þeirra á heimasíðu Ferðafélags Fljótshéraðs.

16:20-16:30: Umræður

Hlé.

17:00:-18:30: Móttaka í Minjasafni Austurlands í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Ráðstefnugestum stendur til boða að skoða sýninguna „Hreindýrin á Austurlandi“ og aðrar sýningar í húsinu, í boði léttar veitingar.

Föstudagur 25. maí

Hótel Hérað

9:20-10:00: Ívar Örn Benediktsson: Er nútíðin lykillinn að fortíðinni? Um landmótun jökla á öræfum og forna ísstrauma Norðaustur- og Austurlands.

10:00-10:40: Hreggviður Norðdahl: Myndun og saga Lagarins í kjölfar hörfunar jökla af Úthéraði og úr Fljótsdal fyrir um 12.000 árum síðan.

10:40-11:20: Steinunn Kristjánsdóttir: Úr Fljótsdal og suður á land.

11:30-18:00: Skoðunarferð. Fararstjórn og leiðsögn: Baldur Pálsson frá Aðalbóli í Hrafnkelsdal.

11:30: Lagt af stað í rútu frá Hótel Héraði og keyrt inn í Fljótsdal.

12:10-13:00: Hádegisverður í Klausturkaffi. - *Verð á mann greiðir hver fyrir sig á staðnum; 1800 kr. súpa og kaffi, en hægt að panta annað af matseðli.

13:15-14:00: Heimsókn í Snæfellsstofu. Móttaka þjóðgarðsvarðar og kynning á starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs og sýning um þjóðgarðinn skoðuð.


14:15-15:45: Heimsókn í Óbyggðasafn Íslands. Móttaka staðarhaldara og kynning á starfsemi safnsins og sýningin skoðuð.

15:45: Skyggnst upp á heiði eftir gangnamönnum, hreindýraþjófum og Hrafnkeli Freysgoða, heiðagæsum og hreindýrum eða með öðrum orðum - horft yfir söguslóðir og náttúru á Fljótsdalsheiði og á öræfum eins og útsýni gefst. (Varaáætlun ef ekki viðrar til útsýnisferðar.)

17:30-18:00: Komið aftur í Egilsstaði. Ferðar- og ráðstefnulok.



Hreindýr á Fljótsdalsheiði. Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson



Heiðagæsir á Eyjabökkum. Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson.

Fyrirlesarar og efni fyrirlestra

Unnur B. Karlsdóttir

Hreppsveiðar og sportveiðar; hreindýraveiðar árin 1954-1972

Kaflaskil urðu í sögu háttá mannsins gagnvart hreindýrunum hér á landi árið 1954 þegar ný lög voru sett sem heimiluðu veiðar á hreindýrum eftir að dýrin höfðu að mestu verið friðuð í áratugi. Það ríkti bæði sátt og ósátt um hreindýraveiðar samkvæmt reglum um þær á þessu tímabili. Í fyrirlestrinum verður fjallað um helstu þræði í þeirri umræðu og velt upp ýmsum spurningum, m.a. um það hvort íslensk stjórnvöld hafi verið íhaldssöm í afstöðu sinni til nýtingar hreindýrastofnsins eða vanbúin til að þróa fyrirkomulag þeirra í takt við tíðaranda og kröfur um veiðar á villtum dýrum eða hvort þau hafi einfaldlega lent á milli steins og sleggju í öllu sem viðkom hreindýrum á þessu tímabili.

Unnur B. Karlsdóttir lauk B.A.-gráðu í sagnfræði við Háskóla Íslands árið 1992, kennslu- og uppeldisfræði árið 1993, M.A.-gráðu í sagnfræði árið 1996 og doktorsgráðu í sömu grein við sama skóla árið 2010. Bókin þar sem fossarnir falla, byggð á doktorsrannsókn hennar um viðhorf til náttúru og vatnsaflsvirkjana, kom út árið 2010 og hlaut tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis og Menningarverðlauna DV og verðlaun úr Gjöf Jóns Sigurðssonar árið 2010. Hún starfaði á Þjóðskjalasafni Íslands áður en hún tók við stöðu safnstjóra Minjasafns Austurlands haustið 2012 en hefur síðan vorið 2015 sinnt rannsóknum hjá Stofnun rannsóknasetra HÍ á Austurlandi. Stærsta verkefnið þar er rannsókn á sögu hreindýra á Íslandi og bók hennar um efnið er væntanleg.

Skarphéðinn G. Þórisson

Heiðagæsir og hreindýr á hásléttu Austurlands

Einkennisdýr hásléttu Austurlands eru heiðagæsir og hreindýr. Heiðagæsirnir hefur verið hér frá örófi alda en hreindýrin voru flutt til Austurlands 1787. Hallormsstaðakirkja átti rétt á gæsaveiði á Eyjabökkum 1397 og Möðrudalskirkja rétt til dún- og eggjatöku í Grímsstaðalandi árið 1408. Gæsabein sem fundust við Dyngju í Arnardal voru frá 1250-1480. Lengi ríkti óvissa um hvaða gæsir verptu í hálendinu, hvar og hversu margar. Upp úr miðri 20. öld fóru málin að skýrast og ljóst var að heiðagæsirnir verptu víða með jökulánum þremur; á Fjöllum, á Dal og í Fljótsdal og þverám þeirra. Árið 1979 fannst hópur í sárum á Eyjabökkum. Þær urðu flestar 13100 árið 1991. Á sama tíma jókst varp þeirra mikið á Austurlandsöræfum. Snæfellsöræfi hafa lengstum verið megin burðar- og sumarland hreindýra á Austurlandi. Um 1940 var talið að einu eftirlifandi hreindýrin gengu í Kringilsárrana á sumrin. Nú nálgast hreindýrin sjöunda þúsundið að sumri og tæpur helmingur þeirra gengur á hásléttu Austurlands. Vesturöræfi eru þýðingarmestu sumarhagar þeirra á Íslandi og þar verpir ógrynni heiðagæsa.

Skarphéðinn G. Þórisson lauk BS. gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands árið 1978 og Uppeldis- og kennsluréttindanámi við sama skóla árið 1996. Skarphéðinn starfar hjá Náttúrustofu Austurlands og hefur um árabil sinnt verkefnum sem lúta að rannsóknum á hreindýrum, vöktun hreindýrastofnsins, tillögum um veiðikvóta og mati á ágangi hreindýra á jarðir á Austurlandi. Hann hefur einnig sinnt rannsóknum á fuglalífi, haldið fræðslufyrirlestra um austfirsku náttúru og vöktun á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar á hreindýr og heiðagæsir. Skarphéðinn hefur tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna (CARMA) og um heilbrigði hreindýra með vísindamönnum í norrænu samstarfsverkefni (Rangifer Health Network og Reindeer Health project/CLINF). Eftir hann hafa birst greinar og fjöldi skýrsla um hreindýrastofninn auk þess sem ljósmyndir hans af hreindýrum á Íslandi hafa birst víða og prýða sumar þeirra grunnsýningu í Safnahúsinu á Egilsstöðum um hreindýr á Austurlandi.

Guðrún Óskarsdóttir

Gróður á hásléttu Austurlands

Háslétta Austurlands er gróðursæl miðað við önnur svæði í sömu hæð á Íslandi. Á Snæfellsöræfum eru víðáttumikil votlendi en einnig er mólendisgróður víða og melagróður á hæðum. Grasbítar njóta þar góðs af fjölbreyttum og ríkulegum gróðurlendum og er svæðið þéttsetið af hreindýrum og heiðagæsum. Með fækkun síðastliðinna áratuga í sauðfjárstofninum auk hlýnandi loftslags hefur gróska á hásléttu Austurlands aukist. Með fjölgun hreindýra á síðustu árum virðist fléttum, m.a. fjallagrösum, hafa fækkað og er munurinn hvað mest áberandi á Fljótsdalsheiði. Gæsabeit er einnig áberandi, einkum í Kringilsárrana og á Vesturöræfum. Báðar dýrategundir eru sértækar þegar kemur að fæðuvali og bíta mismunandi plöntutegundir á mismunandi tímum ársins og ber gróður þess merki. Framvinda og breytingar á varp- og beitarlöndum eru stöðugar og verða við samspil ýmissa þátta, náttúrulegra og manngerðra.

Guðrún Óskarsdóttir lauk B.Sc.-gráðu í landgræðslufræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2011 og M.Sc.-gráðu í náttúru- og umhverfisfræði frá sama skóla árið 2014. Hún starfar hjá Náttúrustofu Austurlands og hefur umsjón með rannsóknum á gróðurfari, auk þátttöku í öðrum verkefnum á verkswiði Náttúrustofunnar. Hún hefur m.a. skrifað um vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum og er meðhöfundur í nýlegri skýrslu Náttúrustofu Austurlands um verkefni á sviði gróðurvöktunar á Fljótsdalsheiði sem Náttúrustofan vann fyrir Landsvirkjun.

Esther Ruth Guðmundsdóttir

Hvaða upplýsingar geymir Lögurinn um eldvirkni á Íslandi?

Eitt af því sem jarðfræðingar rannsaka til að fá upplýsingar um eldvirkni og gossögu á Íslandi eru gjóskulög. Gjóskulög eru gagnabanki um eldvirkni, þau geyma upplýsingar um gossögu einstakra eldstöðva og eldstöðvakerfa, hegðun eldgosa, stærð þeirra, og efnasamsetningu kvikunnar sem upp kom. Jafnframt er hvert gjóskulag tímamerki á svæðinu sem það fellur á. Meirihluti gjósku myndast í sprengigosum og eru þau mjög gildur þáttur í eldvirkni á Íslandi, þar sem meira en 65% eldgosa síðustu 10.000 árin skildu eingöngu eftir sig gjósku. erindinu verður fjallað um rannsóknir á gjóskulögum í setlögum Lagarins. Rannsóknirnar miðuðu að því að bæta þekkingu á virkni eldstöðva og eldgosasögu á Íslandi. Lögurinn er innan skotfæris við virkustu eldstöðvakerfanna á Íslandi, Grímsvatna og Bárðarbungu, sem þekkt eru fyrir sprengivirkni sína. Auk þeirra má nefna Öskju, Öræfajökul og Kverkfjöll. Í rannsókninni var meðal annars leitast við að svara spurningum eins og hversu löng og ítarleg gossagan er sem varðveitt er í Leginum, hvaða eldstöðvakerfi koma við sögu og hversu virk voru þau, og hvort breytingar hafa orðið á tíðni eldgosa með tíma?

Esther Ruth Guðmundsdóttir lauk B.Sc.gráðu í jarðfræði við Háskóla Íslands árið 1998, M.Sc-gráðu í jarðfræði við Háskólann í Bergen árið 2002 og doktorsgráðu í sömu grein frá Háskóla Íslands árið 2010. Hún er dósent við jarðvísindadeild Háskóla Íslands og hefur tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi og birt fjölda greina í erlendum vísindaritum. Sérsvið hennar er gjóskulaga-, og eldfjallafræði auk jarðlagafraeði, hafsbotsjarðfræði og fornloftslagsfræði. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að tíðni gosa og gossögu íslenskra eldstöðva síðustu 60.000 árin byggt á gjóskulögum í sjávar- og stöðuvatnaseti. Auk þess nota gjóskulög til þess að tímasetja fornar loftslags-, umhverfis og jöklabreytingar.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir

„Allt dauðlegt hlítur að deyja“ - Upplifun fólks af öskufallinu 1875

Á árunum 1874 og 1875 urðu mikil eldsumbrot í Öskjukerfinu á Mývatnsöræfum bæði í Öskju og Sveinagjá. Þó eldsumbrotin ættu sér stað langt frá byggð urðu íbúar í nærliggjandi sveitum áþreifanlega varir við þau því jörð skalf með reglulegu millibili og gufustrókar sáust úr fjarska. Að kvöldi páskadags 1875 hófst síðan gríðarlegt sprengigos í Öskju og í kjölfarið huldi mikill öskumökkur nær allt Austurland með skelfilegum og víðtækum afleiðingum. Fjöldi fólks varð að yfirgefa heimili sín vegna hamfaranna og enn fleiri urðu að reka allan búpening af jörðum sínum. Í erindinu verður, með hjálp dagbóka og annarra persónulegra heimilda, fjallað um öskufallið út frá reynslu þeirra sem upplifðu hamfarirnar. Skyggst verður inn í hugarheim þeirra sem vöknudu upp í svartri eyðimörk að morgni annars páskadags 1875 og velt upp spurningum um hvernig það var að takast á við slíkar hamfarir á þessum tíma.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir gegnir stöðu safnstjóra Minjasafns Austurlands. Hún lauk B.A.-gráðu í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2007 og M.A-gráðu í þjóðfræði frá Háskóla Íslands árið 2015. Hún hefur rannsakað áhrif eldgossins í Öskju og öskufallsins sem fylgdi í kjölfarið á íbúa á Austurlandi með áherslu á upplifun fólks sem reyndi hamfarirnar á eigin skinni. Elsa Guðný setti upp tvær sýningar um efnið á Vopnafirði og Egilsstöðum árið 2014. Í starfi sínu hjá Minjasafni Austurlands hefur Elsa m.a. sinnt rannsóknum, safnfræðslu og margvíslegu sýningar- og viðburðahaldi.

Snorri Baldursson

Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO

Haustið 2016 ákvað ríkisstjórn Íslands að tilnefna Vatnajökulsþjóðgarð á heimsminjaskrá UNESCO en garðurinn hafði þá verið á yfirlitsskrá frá 2011. Gerður var samningur við Vatnajökulsþjóðgarð um vinnslu tilnefningarskýrslunnar. Sú vinna fór fram á árinu 2017 í samstarfi fjölda vísindamanna og var skýrslunni skilað í ársbyrjun 2018. Forsenda skráningar tiltekins svæðis á heimsminjaskrá er að sýnt sé fram á einstakt gildi á heimsvísu. Vatnajökulsþjóðgarður uppfyllir það skilyrði fyllilega, einkum vegna mikillar eldvirkni – af völdum gliðunar jarðskorpunnar og uppstreymis kviku djúpt úr iðrum Jarðar – sem ýmist hefur fengið útrás undir þykkum ísaldarjökli, Vatnajökli sjálfum eða undir berum himni. Tilnefningin byggir því frammar öllu á samspili elds, íss og andrúmslofts og fjölbreytilegum afurðum þess samspils, svo sem stöpum og dyngjum, gígaröðum og móbergshryggjum, hraunflæmum, hamfarahlauptum og jökulsöndum. Margt er líka einstakt í líffræðinni, ekki síst ævafornar grunnvatnsflær í sprungusveimum gosbeltisins og örverulíf í stöðuvötnum undir jökli.

Snorri Baldursson lauk B.Sc-gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands 1979, kennslu- og uppeldisfræðum frá sama skóla árið 1979, M.A.-gráðu í æxlunarvístfræði plantna frá University of Colorado árið 1983 og doktorsgráðu í trjáerfðafræði við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn árið 1994. Snorri sinnti rannsóknum um árabil, þ.á m. á sviði landgræðslu og skógræktar. Á síðari árum hefur hann einkum gegnt stjórnunarstörfum á sviðum náttúrufræða og náttúruverndar, m.a. hjá Norðurskautsráðinu, Náttúrufræðistofnun Íslands og Vatnajökulsþjóðgarði. Snorri er höfundur bókarinnar Lífríki Íslands sem hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 2014 í flokki fræðiritar. Hann hefur tekið virkan þátt í náttúruvernd á Íslandi á fjölbreyttum vettvangi, m.a. sem stjórnarmaður og formaður Landverndar.

Ívar Örn Benediktsson

Er nútíðin lykillinn að fortíðinni? Um landmótun jökla á öræfum og forna ísstrauma Norðaustur- og Austurlands

Sístöðuhygga er sú kenning jarðfræðinnar að nútíðin sé lykillinn að fortíðinni. Í þessari kenningu felst að sömu ferli hafi ætíð verið að verki í náttúrunni og því beri að skilja og skýra fornar jarðmyndanir í því ljósi. Því megi nota nútímajarðmyndanir sem hliðstæður fornra jarðmyndana. Á árunum 2003 til 2008 fóru fram umfangsmiklar rannsóknir við Brúarjökul og Eyjabakkajökul þar sem áhersla var lögð á að skilja landmótun þessara jökla og ferlin að baki henni. Þessir jöklar eru framhlaupsjöklar, sem þýðir að með vissu millibili hlaupa þeir fram. Þá getur skriðhraði numið tugum og yfir hundrað metrum á dag í afmarkaðan tíma, yfirleitt nokkra mánuði. Á milli framhlaupanna er skriðhraðinn lítill sem enginn og jökulsporðurinn svo til dauður. Setlög og landform bera þessu vitni og því má álykta að landmótun framan við þessa jökla sé einkennandi fyrir hraðskreiða jökla. Hafi hraðskreiðir jöklar verið til í fyrndinni ættu þeir því að hafa skilið eftir sig sams konar setlög og landform. Nýtt rannsóknarverkefni á Norðaustur- og Austurlandi byggir á þessari tilgátu og miðar að því að kanna tilvist og útbreiðslu hraðskreiðra ísstrauma í íslenska meginjöklinum á síðasta jökulskeiði. Þetta er gert með því að kortleggja jökulræn setlög og landform við Þistilfjörð, Bakkaflóa, Vopnafjörð og í uppsveitum þeirra, sem og á Jökuldalsheiði og Héraði. Fyrstu niðurstöður benda til að nokkrir ísstraumar hafi mótað þessi svæði en þó ekki allir á sama tíma. Líklegt er að landmótun á þessum svæðum endurspegli mestmegnis upptakasvæði ísstrauma, sem aftur á móti bendir til að meginhluti þeirra hafi legið utan við núverandi strönd landsins. Af framansögðu leiðir að nútímajöklar á öræfum Austurlands eru mikilvæg hliðstæða við forna ísstrauma í íslenska meginjöklinum á síðasta jökulskeiði. Þekking okkar á landmótun

Brúarjökuls og Eyjabakkajökuls er því lykilorð í því að auka skilning okkar á jarðmyndunum fornra ístrauma.

Ívar Örn Benediktsson lauk B.Sc.-gráðu frá Háskóla Íslands 2003, M.Sc.-gráðu frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2005 og doktorsprófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands árið 2010. Á loknu doktorsnámi var Ívar nýddoktor við Jarðvísindastofnun Háskólans um tveggja ára skeið áður en hann gegndi stöðu lektors við Jarðfræðideild Lundarháskóla í Svíþjóð 2012-2015. Hann er nú sérfræðingur við Jarðvísindastofnun og aðjúnktur við jarðvísindadeild Háskóla Íslands. Sérsvið Ívars er ísaldar- og jöklajarðfræði og lúta rannsóknir hans og kennsla einkum að setlagafraeði jökulumhverfa, landmótun jökla, jöklunar- og loftslagssögu, og jarðfræðikortagerð. Ívar hefur m.a. beint sjónum sínum að landmótun framhlaupsjökla og fjallaði doktorsverkefni hans um setgerð, byggingu og myndun jökulgarða við Brúarjökul og Eyjabakkajökul. Hann hefur birt fjölda vísindagreina og tekið þátt í alþjóðlegu vísindasamstarfi um árabíl og sinnt kennslu við Háskóla Íslands og á erlendum vettvangi. Ívar situr í stjórn NORDQUA, samtaka Norræna kvarterjarðfræðinga, og í stýrihópi nýs samstarfsnets um heimskautarannsóknir í kvarterjarðfræði.

Hreggviður Norðdahl

Myndun og saga Lagarins í kjölfar hörfunar jökla af Úthéraði og úr Fljótsdal fyrir um 12.000 árum síðan

Myndun og saga Lagarins er nátengd þeim loftslagsbreytingum sem urðu undir lok síðasta jökulskeiðs og leiddu til þess að íslenski meginjökullinn hörfaði og að lokum hvarf úr hálendi landsins. Þessi jökull varð mestur fyrir um það bil 24 000 árum síðan, þegar grunnflatarmál hans varð um 250 000 km² og hann náði þá víðast hvar út undir eða út að brún íslenska landgrunnins. Í kjölfar þess að fyrir rúmlega 16 000 árum hafði loftslag hlýnað og hlýsjór á nýjan leik náð norður fyrir Ísland, minnkaði rúmmál og þar með massi jökulsins. Svo fyrir um 15 000 árum minnkaði hann mjög skyndilega þegar hann hvarf af landgrunninu og í fyrsta sinn í langan tíma mættust láð og lögur þegar jökulbrúin varð tímabundið kyrrstæð nærri núverandi ströndum landsins. Þá, fyrir um 14 700 árum, mynduðust efstu og jafnframt elstu fjöllumörk á Íslandi frá lokum síðasta jökulskeiðs, en þau eru í um 150 m h.y.s. á Vesturlandi, í um 100 m hæð við Breiðafjörð og í um 60 m hæð á Melrakkaslétu. Enn minnkaði íslenski meginjökullinn og fyrir um 13 800 árum er talið að grunnflatarmál hans hafi verið um 50 000 km² og að öll strand- og láglandssvæði landsins hafi verið jökulvana. Á þeim tíma er fremur líklegt að núverandi Fljótsdalur hafi einnig verið jökullaus og að **fyrsta gerð** Lagarins hafi þá orðið til, en á þessum tíma stóð afstætt sjávarborð tugum metra neðan við núverandi sjávarmál. Við höfum í dag engar beinar upplýsingar um þetta stöðuvatn því að í kjölfar kólnandi loftslags stækkaði íslenski meginjökullinn og fyrir um 12 000 árum var grunnflatarmál hans um 90 000 km² þegar hann náði víðast hvar út undir eða út fyrir núverandi strendur landsins. Á þeim tíma var allur Fljótsdalur undir jökli sem náði norður undir núverandi Lagarfoss, en mjög skýr ummerki um legu jökulbrúar er að finna í nágrenni Tjarnarlands. Frá þeim tíma eru líka fjöllumörk sem nú eru í 30-40 m h.y.s. Þessum kuldakafli lauk og á nokkur hundruð ára löngu tímabili hörfaði jökull frá Tjarnarlandi og fljótlega varð til stöðuvatn eða jökullón á milli jökulbrúarinnar og klappaholtanna norðan við hana. Þarna myndaðist lón en ekki grunnur fjörður vegna þess að um leið og jökullinn þyntist og styttist minnkaði farg jökulsins á jarðskorpuna og bergþröskuldur við og umhverfis Lagarfoss reis úr sjó og skyldi að lón og haf. Þessi **önnur gerð** Lagarins lengdist til suðurs til jafns við hörfun jökulsins úr Fljótsdal og að lokum náði Lögurinn inn í Norður- og Suðurdal. Enn breyttust umhverfisaðstæður og nú á þann vega að að íslenski meginjökullinn fór að vaxa á ný í kjölfar kólnandi loftslags. Í Fljótsdal náði þessi vöxtur jökulsins hámarki þegar brún hans staðnæmdist norðan við Skriðuklaustur og efnismiklir hjallar mynduðust fram með „norðurjaðri“ jökulsins. Við þessa legu jökulbrúarinnar í Fljótsdal varð **þriðja gerð** Lagarins til fyrir um 11 200 árum og um hana höfum við umtalsvert meiri upplýsingar en hinar fyrri. Frá þessum tíma eru varðveittar ýmis konar setmyndanir sem urðu til þar sem mættust landið og yfirborð vatnsins,

en hæð þessara landforma fer vaxandi utan frá Lagarfossi og suður eftir Fljótsdal. Þegar þessu tímabili stækkunar jökla lauk hófst lokabáttur hörfunar íslenska meginjökulsins sem svo endanlega hvarf úr hálendi landsins fyrir um 9000 árum síðan. Áður en jökullinn hvarf úr Fljótsdal tók þriðja gerð Lagarins þó nokkrum breytingum. Jökullinn styttist og landið reis samhliða því að Lögurinn lengdist til suðurs og ný og lægri ummerki um legu vatnsborð Lagarins urðu til. Ris landsins varð mest næst jöklinum og minna eftir því sem norðar dró og hlutfallslega minnst varð það við yfirfall Lagarins við Lagarfoss. Þessa breytilegu hæð ummerkja eftir vatnsborð þriðju gerðar Lagarins hefur verið notuð til að tímasetja áfanga í sögu þriðju gerðar Lagarins. Fyrsti áfanginn var myndun elstu og efstu ummerkja um legu vatnsborðs Lagarins fyrir um 11 200 árum, þegar jökulbrúnn var norðan við Skriðuklaustur, annar áfanginn var myndun sethjalla í um 53 m h.y.s. norðan í Múla fyrir um 11 000 árum og þriðji áfanginn var þegar jökull hörfaði frá malarhjöllum rétt innan við Valþjófsstað fyrir um 10 800 árum síðan. Frá þeim tíma og þar til landlyftingu vegna þverrandi fargs jökla lauk fyrir um 8500 árum síðan, verður saga Lagarins ekki lesin úr gögnum sem aflað hefur verið ofan við núverandi yfirborð Lagarins. Fyrir um 8500 árum varð til strandlína fram með Leginum sem í dag er um það bil 5 m ofan við núverandi vatnsborði Lagarins, en það segir okkur að á um 8500 ára tímabili hefur yfirfall Lagarins í Lagarfossi lækkað um eina 5 m eða sem nemur um 0.6 mm á ári hverju. Saga Lagarins frá því fyrir um 10 200 árum til okkar daga hefur verið lesin úr borkjörnum sem teknir hafa verið úr efsta hluta allt að 80 m þykkra setlaga í botni Lagarins. Þá sögu hafa aðrir lesið.

Hreggviður Norðdahl lauk BS prófi í jarðfræði við Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands árið 1974 og doktorsprófi í Jökla- og ísaldarjarðfræði við Háskólann í Lundi árið 1983. Til ársins 1985 starfaði hann sem jarðfræðingur hjá Landsvirkjun og síðar Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins þar til hann var ráðinn sérfræðingur við Raunvísindastofnun og síðar Jarðvísindastofnun Háskólans. Þar hafa rannsóknáherslur hans verið á hörfun íslenska meginjökulsins í lok síðasta jökulsskeiðs, einkum eftir að brún hans færðist inn yfir núverandi strendur landsins fyrir um 14 700 árum og þar til hann var að fullu horfinn af landinu fyrir um 10 000 árum síðan. Saga jökulhörfunar og afstöðubreytinga láðs og lagar er rakin með rannsóknum á landformum og setlögum sem jöklar og sjór hafa skilið eftir sig. Frá árinu 1983 hefur Hreggviður verið stundakennari, fyrst við Raunvísindadeild, síðar Jarðvísindadeild Háskóla Íslands og á þeim vettvangi komið að kennslu í Almennri jarðfræði, Jökla- og ísaldarjarðfræði, Hagnýtri jarðfræði og leiðsögn stúdenta til lokaprófs.

Steinunn Kristjánsdóttir

Úr Fljótsdal og suður á land

Leiðir sem farnar voru fyrrum til að flytja fólk og varning á milli staða virðast oft ófærar nú á dögum vegna síbreytilegra staðar- og samgönguhátta. Náttúran sér ekki síst til þess að leiðirnar breytast eða jafnvel hverfa og gleymast alveg. Um leið lagar fólk sig að breyttum aðstæðum en þekking til vöru- og fólksflutninga vex samhliða. Uppgröfturinn á Skriðuklaustri í Fljótsdal staðfesti svo dæmi sé tekið að farið var í tímum þess (1493–1554) hálendisleið yfir Vatnajökul þegar reglubræðurnir þurftu að vitja eigna suður á landi. Í fyrirlestrinum verður sagt nánar frá því og annars konar flutningi að sunnan og austur í Fljótsdal á miðöldum.

Steinunn Kristjánsdóttir nam fornleifafraeði við Háskólann í Gautaborg og lauk þaðan Fil.kand.-gráðu árið 1993, Fil.mag. í sömu grein árið 1994 og hlaut doktorsgráðu í fornleifafraeði frá sama skóla árið 2004. Steinunn hefur síðan árið 2012 gegnt stöðu prófessors í fornleifafraeði við Þjóðminjasafn Íslands og Háskóla Íslands. Hún hefur skrifað fjölda fræðigreina á innlendum og erlendum vettvangi um rannsóknir sínar. Steinunn hefur stundað fornleifarannsóknir um árabil, þ.á m. var viðamikil fornleifarannsókn á miðaldaklaustrinu að Skriðu í Fljótsdal. Bók Steinunnar um þessa rannsókn, Sagan af klaustrinu á Skriðu, kom út árið 2012 og hlaut Fjöruverðlaunin í flokki fræðibóka og var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna og viðurkenningar Hagþenkis. Önnur stór

rannsókn hennar hefur verið kortlagning klaustra á Íslandi og var rit um rannsóknina tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna 2017. Ritið hlaut síðan Viðurkenningu Hagþenkis og lenti í fyrsta sæti í vali Félags bóksala fyrir bækur í flokki fræðiritra 2017.

Baldur Pálsson

Baldur Pálsson ólst upp á Aðalbóli í Hrafnkelsdal við rætur öræfanna norðan Vatnajökuls. Hann er áhugamaður um verndun náttúru, sögu og menningararfs Austurlands, og stjórnarformaður Söguslóða Austurlands - félags áhugafólks um sögu náttúru og menningar á Austurlandi. Baldur er Freysgoði og fer með Austurlandsgoðorð. Hann hefur um árabil starfað og beitt sér á sviði björgunar- og almannavarna og er slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi.

Hjördís Hilmarsdóttir

Hjördís Hilmarsdóttir hefur sinnt leiðsögn fyrir ferðafólk og öfluggu starfi hjá Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs um árabil og ýmsum verkefnum á sviði upplýsingagjafar og fræðslu í þágu útvistar og náttúruskoðunar á Austurlandi.

HS Tókatækni kvikmyndagerð – Hjalti Stefánsson og Heiður Ósk Helgadóttir

HS Tókatækni hefur á undanförunum árum staðið að gerð ótal heimildamynda um Austurland, menningu og náttúru, fólk, staði og viðburði ásamt því að sinna ýmsum sérverkefnum um efni sem nær til stærra svæðis og jafnvel landsins alls. Að fyrirtækinu standa Hjalti Stefánsson og Heiður Ósk Helgadóttir.



Bæjartóftir; Gestreiðarstaðir á Jökuldalsheiði. Ljósmynd: Unnur B. Karlsdóttir.

Þakkir

Starfsemi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Austurlandi þakkar samstarf við Söguslóðir Austurlands, Náttúrustofu Austurlands, Minjasafn Austurlands, Vatnajökulsþjóðgarð/Snæfellsstofu og Óbyggðasetur Íslands og veitta styrki úr Uppbyggingarsjóði Austurlands, Samfélagsjóði ALCOA Fjarðaráls og Samfélagsjóði Landsvirkjunar. Þakkir fær líka Fljótsdalshérað fyrir stuðning við starfsemina.





Á Brúarörcefum. Ljósmynd: Unnur B. Karlsdóttir.